

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

76

13. júlí

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa hf. Hval innflutning  
á tveimur hvalveiðiskipum.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Siglingamálaráðherra hefur tjáð mér, að hf. Hvalur eigi nú kost á að kaupa tvö skip erlendis, sem henti mjög vel til hvalveiða hér við land, en þau fjögur skip, sem félagið hafi notað til hvalveiða, séu mjög gömul og úr sér gengin og eitt þeirra algerlega ónothæft, og enn fremur, að þar sem hin umræddu tvö skip séu eldri en 12 ára, en vandkvæðum bundið að kaupa yngri skip til hvalveiða, beri brýna nauðsyn til að heimild sé veitt til innflutnings skipanna, sbr. 35. gr. laga nr. 50/1959.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

## 1. gr.

Ráðherra skal heimilt að leyfa hf. Hval innflutning á tveimur hvalveiðiskipum, þótt eldri séu en 12 ára, sbr. 35. gr. laga nr. 50/1959.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 13. júlí 1961.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Gylfi Þ. Gíslason.*

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

77

15. júlí

um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að ríkisstjórnin hafi gefið fyrirheit um breytingu á hluta af lausaskuldum bænda í föst lán til langs tíma, með svipuðum hætti og gert hefur verið með sérstökum lögum gagnvart fyrirtækjum, sem stunda útgerð fiskiskipa og fiskvinnslu. Þar eð undirbúningi að þessari breytingu sé lokið og nauðsynlegt að létta nefndum lausaskuldum af bændum hið allra fyrsta, beri brýna nauðsyn til að veita veðdeild Búnaðarbanka Íslands nauðsynlegar heimildir til að breytingin geti farið fram og náð tilgangi sínum.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið: